

129 Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um synjun konungsstaðfest-
15. okt. ingar á frumvarpi til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands. —
Með þóknanlegu brjefi, dags. 26. ág. þ á., hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað
frumvarp það til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands, sem sam-
þykkt var á alþingi 1885 og sem síðan var, samkvæmt fyrirmælum 61. gr. í stjórnar-
skrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874 rætt á alþingi því, er saman
kom í sumar og þar samþykkt óbreytt.

I konunglegri auglýsingu þeirri til Íslendinga 2. nóvbr. f. á., sem út var gefin
í tilefni af því, að stjórnarskipunarlaga-frumvarpið var samþykkt í fyrra skiptið, var það
birt, að enda þótt svo færi, að stjórnarskipunarlaga-frumvarp þetta yrði samþykkt af
nýju á hinu nýkosna alþingi, mundi það eigi geta hlotið staðfestingu konungs og voru
ástæðurnar fyrir því teknar fram.

Samkvæmt þessu hefur hans hátign konunginum 29. f. m. allramildilegast
þóknast eptir allraþegnsamlegastri tillögu ráðgjafans að fallast á, að tjeð frumvarp til
stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands hljóti ekki staðfestingu konungs.

Þetta er eigi látið hjá líða hjermed þjónustusamlega að tjá yður, herra lands-
höfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og til birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna.

130 Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um sölu á þjóðjörð. — Með
26. okt. þessu brjefi veitti ráðgjafinn landshöfðingja heimild til samkvæmt lögum 8. jan. þ. á.
um að stjórninni veitist heimild til að selja þjóðjarðir, að selja þjóðjörðina Böggvers-
staði í Eyjafjardarsýslu með hjáleigunni Árgerði ábúandanum á Böggversstöðum Baldvin
G. Þorvaldssyni fyrir verð það, 6500 kr., sem ákveðið er í nefndum lögum, og að öðru
leyti með þeim skilmálum, sem þar eru teknir fram.

131 Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um sölu á þjóðjörð. — Með
5. nóv. þessu brjefi veitti ráðgjafinn landshöfðingja heimild til, samkvæmt lögum 8. jan. þ. á.
um að stjórninni veitist heimild til að selja þjóðjarðir, að selja þjóðjörðina Ásgerðar-
stadasel í Skriðuhreppi í Eyjafjardarsýslu fyrir 900 kr., og að öðru leyti samkvæmt skil-
málum þeim, sem fram eru teknir í tjeðum lögum, sbr. lög 8. nóv. 1883.

132 Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um sölu á kirkjujörð. — Sam-
6. nóv. kvæmt allraþegnsamlegustu tillögum ráðgjafans, eptir að hafa fengið þóknanlegt brjef
yðar, herra landshöfðingi, dags. 18. okt. þ. á., hefur hans hátign konunginum þóknast
í gær allramildilegast að fallast á, að bóndanum Birni Sigfússyni á Hofi í Vatnsdal
verði seld jörðin Grímstunga, eign Undirfells prestakalls í Húnavatns prófastsdæmi, á-
samt afrjettarlandinu Grímstunguheiði, fyrir 6500 kr., sem að helmingi greiðist þegar í
stað, en að hinn helmingur kaupverðsins megi standa í jörðinni gegn fyrsta veðrjetti í
henni og 4% í vöxtu á ári, og með þeim skilyrðum, að kaupandi láti af hendi hæfi-
legt rjettarstæði í afrjettarlandinu, til þess að fjenu af Grímstunguheiði verði smalað
þangað á haustin, og að hann enn fremur greiði tíund af jörðinni eptir kaupin og
önnur opinber gjöld, sem á bændaæignum hvíla.